

AÐALSKIPULAG AKRANESS 2021-2033

UMHVERFISMATSSKÝRSLA

7. MARS 2022



**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

© Akraneskaupstaður 2022

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2022

Ljósmyndir:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr bók þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða bókarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

EFNISYFIRLIT

| | | |
|----------|--|-----------|
| 1 | Yfirlit | 3 |
| 1.1 | Viðfangsefni..... | 3 |
| 1.2 | Tengsl við aðrar áætlanir og stefnuskjöl | 4 |
| 1.3 | Framkvæmdir háðar lögum um umhverfismat..... | 8 |
| 2 | Mat á líklegum umhverfisáhrifum | 9 |
| 2.1 | Áhrifaþættir..... | 9 |
| 2.2 | Umhverfiþættir, sem verða fyrir áhrifum..... | 9 |
| 2.3 | Umhverfisvandamál og mótvægi..... | 9 |
| 2.4 | Mat á áhrifum breytinga | 9 |
| 2.5 | Mat á stefnu aðalskipulagsins | 15 |
| 2.6 | Samantekt stefnu í loftslagsmálum..... | 19 |
| 2.7 | Heildaráhrif, samlegðaráhrif | 19 |
| 3 | Mótvægisáðgerðir og vöktun | 20 |
| 4 | Samantekt | 20 |



Mynd 1. Akranes

1 YFIRLIT

Samkvæmt 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 skal í umhverfismati greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirtalda umhverfisþætti:

- a) íbúa og heilbrigði manna,
- b) líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,
- c) land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
- d) efnisleg verðmæti og menningarminjar,
- e) næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,
- f) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- a) yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð
- b) lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum
- c) lýsing og mat raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosta
- d) lýsingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á
- e) samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a–d-lið
- f) nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu

Í umhverfisskýrslu þessari er gerð grein fyrir þessum atriðum á eftirfarandi hátt:

1. kafli Yfirlit yfir aðalskipulagsvinnuna og tengsl hennar við aðra áætlanagerð
2. kafli Umhverfisþættir og viðmið.
Skipulagskostir og mat á áhrifum breytinga.
Mat á stefnu aðalskipulagsins.
3. kafli Umfjöllun um mótvægisáðgerðir og vöktun.
4. kafli Samantekt.

1.1 VIÐFANGSEFNI

Við upphaf endurskoðunar Aðalskipulags Akraness 2005-2017 voru helstu viðfangsefnin talin þessi (Áfangaskýrsla 1. Lýsing dags. í sept. 2011):

- a) Endurmat á íbúapróun, íbúðarþörf og landþörf.
- b) Breytingar á hafnarsvæði.
- c) Endurskoðun göngu- hjóla – og reiðstígakerfis.
- d) Endurskoðuð landnotkun:
 - Framtíðaríbúðarsvæði.
 - Nýr kirkjugarður.
 - Svæði fyrir garðyrkjustöð.

Eftirtalin viðfangsefni bættust við á verktíma:

- e) Sementsreitur.
- f) Stækkun miðsvæðis 208-M, Dalbrautarreits.
- g) Stækkun tjaldsvæðis í Kalmansvík, svæði 2015.
- h) Stækkun skipulagssvæðis sem nemur Óslandi – Kirkjutungu.
- i) Afmörkun nýs athafnasvæðis í Óslandi – Kirkjutungu.
- j) Blönduð íbúðarbyggð með atvinnustarfsemi á Ægisbraut.
- k) Afmörkun þróunarsvæða á Breið, Langasandi og Smiðjuvöllum.
- l) Hótel á golfvallarsvæði.

Eftirtöldum viðfangsefnum og umhverfismati breytinga er lokið:

- Breytingar á hafnarsvæði. Fallið frá gerð Skarfatangahafnar. Staðfest 30.4.2019.
- Nýr kirkjugarður (fallið frá breytingaráformum á vinnslutíma skipulagsins).
- Svæði fyrir garðyrkjustöð austan Miðvogs. Staðfest 26.8.2015.
- Sementsreitur. Staðfest 10.11.2017.

- Stækkun miðsvæðis 208-M, Dalbrautarreitir. Staðfest 10.11.2017.
- Tjaldsvæði og útivistarsvæði í Kalmansvík. Staðfest 28.5.2020.
- Framtíðarbyggingarsvæði, stækkun Skógahverfis. Staðfest 3.12.2020.

Auk þessara viðfangsefna hafa fleiri breytingar verið gerðar á gildandi aðalskipulagi frá því endurskoðun þess hófst.

Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi 2022 er gert ráð fyrir eftirtöldum meginbreytingum:

- a) Stækkun skipulagssvæðis sem nemur Óslandi – Kirkjutungu.
- b) Afmörkun nýs athafnasvæðis í Óslandi – Kirkjutungu.
- c) Blönduð íbúðarbyggð með atvinnustarfsemi á Ægisbraut.
- d) Endurskoðun göngu-, hjóla og reiðstígakerfis.
- e) Afmörkun þróunarsvæða á Breið, Langasandi og Smiðjuvöllum.
- f) Hótel á golfvallarsvæði.
- g) Mótun landfyllingar sunnan aðalhafnargarðs. Með henni er endanlega gengið frá brottfalli Skarfatangahafnar.
- h) Breytt afmörkun miðbæjar og miðsvæða.
- i) Afmörkun framtíðarbyggðar norðan Þjóðveggar (ekki metið á þessu stigi).

Aðrar breytingar og lagfæringar eiga ekki við meginatriði aðalskipulagsins og kalla ekki á sérstaka umfjöllun í umhverfisskýrslu.

1.2 TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR OG STEFNUSKJÖL

1.2.1 HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk þess sem þeim markmiðum var forgangsraðað sem krefjast mestrar vinnu af hálfu stjórnvalda til að þeim megi ná fyrir árið 2030.

Meðal forgangsmarkmiða ríkisstjórnarinnar sem geta átt við aðalskipulag Akraness eru (kaflanúmer eiga við forgangsmarkmiðin):

- 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

Unnið er að framkvæmdum við fráveitu samkvæmt ákveðinni áætlun þannig að ákvæði reglugerða um mengun og hreinleika sjávar verði uppfyllt. Mikilvægum áföngum er þegar lokið (hreinsistöð og útrás fráveitu). Unnið er að framkvæmdum við fráveitumannvirki sem sinna athafna og iðnaðarsvæðum í norðurhluta bæjarins.

- 11.1 Eigi síðar en árið 2030 geti allir orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði ...

Stefnt er að fjölbreyttu framboði íbúða og húsagerða í skipulagi bæjarins. Fyrir liggur húsnæðisstefna Akraness, sem er sjálfstæð áætlun. Rekstrar- og eignafyrirkomulag íbúðarhúsnæðis er ekki viðfangsefni aðalskipulags.

- 11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötludu fólki og öldruðum.

Lögð er áhersla á mikilvægi góðra almenningssamgangna, bæði innanbæjar og til höfuðborgarsvæðisins. Innanbæjar eru endurgjaldslaugar almenningssamgöngur alla virka daga með hálf tíma ferðatíðni.

Stígakerfi bæjarins stuðlar að öruggum og vistvænum samgöngum og bættri lýðheilsu. Stofnstígakerfi verður endurbætt, gert er ráð fyrir strandstíg sem verður mikilvægur þáttur í útivistargildi svæðisins og lögð eru frumdrög að landsbyggðarstíg, sem auðvelda á ferðalög utan þéttbýlis á reiðhjólum.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Mestur hluti strandlengju Akraness utan hafnarsvæða nýtur hverfisverndar eða friðlýsingar vegna náttúrufars og útivistargildis og eru hverfisverndarsvæði strandarinnar stækkuð með hliðsjón af tillögum NÍ.

Með hagnýtingu niðurstöðu húsakönnunar og skráningu og merkingu menningarminja er stuðlað að vernd og viðhaldi menningararfsins. Í bæjarmynd Skagans neðan Merkigerðis felst ákveðinn menningararfur og er stefnt að því að styrkja hann.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

Tekið er mið af áhrifum líklegra loftslagsbreytinga við undirbúning framkvæmda, skipulag við ströndina og með áherslu á vistvæna fararmáta. Sjá umfjöllun í kafla 2.4.2.

14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

Unnið er að framkvæmdum við fráveitu samkvæmt ákveðinni áætlun þannig að ákvæði reglugerða um mengun og hreinleika sjávar verði uppfyllt. Mikilvægum áföngum er þegar lokið (hreinsistöð og útrás fráveitu). Sjá umfjöllun um lið 6.3 í heimsmarkmiðum SP í þessum kafla.

1.2.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi 16. mars 2016. Í henni er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum og byggir hún á fjórum leiðarljósum:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Fyrir liggur ósamþykkt þingsályktun um endurskoðun landsskipulagsstefnu þar sem sett er fram stefna um loftslagsmiðað skipulag, staðarmótun og landslagsvernd og loks heilsuvæna byggð og landmótun. Skipulagstillagan mætir á margan hátt nýjum þáttum stefnunnar en á þessu stigi verður ekki fjallað sérstaklega um samræmi við ósamþykka stefnu.

3. kafli landsskipulagsstefnu fjallar um búsetumynstur og dreifingu byggðar. Meginmarkmið þar er að „þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“ Eftirtaldir liðir landsskipulagsstefnu eiga helst við aðalskipulag Akraness.

SJÁLFBÆRT SKIPULAG ÞÉTTBÝLIS.

3.2.1 Vöxtur þéttbýlisstaða.

Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi vaxtarmörk þéttbýlisstaða með það fyrir augum að efla viðkomandi þéttbýlisstað og standa vörð um verðmæt náttúrusvæði og landbúnaðarland. Skýr skil verði milli þéttbýlis og dreifbýlis. Almennt verði haft að leiðarljósi að þetta byggð og blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu, og tengja við íbúðarbyggð í þágu sjálfbærni daglegs lífs og aukinna lífsgæða.

Lögð er áhersla á uppbyggingu bæjarins innan þjóðveggar sem markar skýr skil milli þéttbýlis og upplands. Einnig er lögð áhersla á blandaða byggð ólíkra húsagerða annars vegar og blöndu íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi á vissum svæðum hins vegar.

3.2.2 Hagkvæm uppbygging.

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga verði mörkuð stefna um uppbyggingu íbúðar- og atvinnuhúsnæðis sem taki mið af fyrirsjáanlegum þörfum samfélagsins og lýðfræðilegum

breytingum til framtíðar. Stuðlað verði að fjölbreyttum húsnæðiskostum, svo sem hvað varðar húsagerðir og stærðir. Tryggt verði fjölbreytt og sveigjanlegt húsnæði sem stuðli að félagslegri fjölbreytni og í því samhengi verði hugað sérstaklega að framboði á húsnæði fyrir alla tekjuhópa.

Á byggingarsvæðum næstu áratuga er gert ráð fyrir tiltölulega þéttri byggð með fjölbreyttum húsnæðiskostum. Fjölbreytni vinnur gegn félagslegri og efnahagslegri flokkun. Endurnýting verksmiðjusvæðis sementsverksmiðjunnar með þéttri íbúðarbyggð stuðlar að hagkvæmni í rekstri bæjarins, bættri bæjarmynd og fjölbreyttu búsetuumhverfi auk þess sem líklegt er að byggðin styrki verulega stöðu miðbæjarins og eldri hluta byggðarinnar. Ný íbúðarbyggð, þétting byggðar og endurnýting gamalla iðnaðar- og athafnasvæða miðast við hugmyndina um 20 mínútna bæinn.

GÆÐI HINS BYGGÐA UMHVERFIS.

3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum og útivistarsvæðum með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

Áhersla er lögð á vandaða bæjarmynd og fallett bæjarumhverfi. Byggingararfur eldri hluta bæjarins er merkilegur og verður tekið mið af niðurstöðum húsakönnunar við uppbyggingu og endurbætur þar. Sett er meginmarkmið um gæði bygginga og stefna um að byggingar á Akranesi geti talist góð byggingarlist. Með því hefur Akranesbær verkfæri til þess að hafa áhrif á og stýra gæðum bygginga á faglegan hátt langt umfram það sem mögulegt er með þeim tæknilegu gæðakröfum, sem settar eru í reglugerðum.

Í sérskilmálum um miðbæ og miðsvæði og nálæg íbúðarsvæði eru sett ákvæði um yfirbragð byggðar, þ.e. þetta kaupstaðarbyggð. Í deiliskipulagi útivistarsvæða í Garðalundi og Lækjarbotnum er gert ráð fyrir ræktunarsvæðum fyrir almenning.

3.3.2 Heilnæmt umhverfi.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði stuðlað að heilnæmi umhverfis með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. Sérstaklega verði hugað að umhverfisvænum lausnum þar sem það á við, svo sem varðandi möguleika til flokkunar og endurvinnslu, sjálfbærar ofanvatnslausnir og aukna nýtni við auðlindanotkun.

Fráveitukerfi bæjarins hefur verið endurnýjað með dælustöðvum, hreinsistöð og útrás og teljast fráveitumál í góðu horfi og í samræmi við ákvæði og markmið reglugerða. Unnið er að framkvæmdum við fráveitumannvirki sem sinna athafna og iðnaðarsvæðum í norðurhluta bæjarins.

Blágrænar ofanvatnslausnir eru hluti fráveitukerfa á nýjustu uppbyggingarsvæðum bæjarins svo og í nýjum athafna- og iðnaðarsvæðum í norðurhlutanum.

SJÁLFBÆRAR SAMGÖNGUR.

3.5.2 Samgöngur í þéttbýli.

Sveitarfélög marki í skipulagi samþætta stefnu um byggð og samgöngur. Áhersla verði lögð á göngu- og hjólavænt umhverfi og að tvinna saman almennings-samgöngur og byggðaskipulag. Gatnaskipulag og gatnahönnun miði að því að skapa bæjarrými og umferðarrými fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

Akranes er hjólréiðabær og aðstæður þar ákjósanlegar fyrir þann ferðamáta. Stofnstígar eru meginhjólaleiðir þar sem stefnt er að endurbótum og aðgerðum til þess að auðvelda hjólréiðar og gera þær öruggari. Endurskoðun stígakerfis stuðlar að vistvænum samgöngum. Lögð eru drög að „landsbyggðastíg“ fyrir ferðalög á reiðhjólum. Lögð er áhersla á mikilvægi góðra almennings-samgangna, bæði innanbæjar og til höfuðborgarsvæðisins. Innanbæjar eru endurgjaldslausar almennings-samgöngur alla virka daga með hálf tíma ferðatíðni. Ný íbúðarbyggð, þétting byggðar og endurnýting gamalla iðnaðar- og athafnasvæða miðast við hugmyndina um 20 mínútna bæinn.

NÁTTÚRUVÁ OG LOFTSLAGSBREYTINGAR.

3.7.1 Skipulag með tilliti til náttúruvár og umhverfisbreytinga.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði hugað að því hvernig megi með skipulagsaðgerðum draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Jafnframt verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Á Akranesi stafar helst hættu af sjávarflóðum. Varnargarðar hafa verið gerðir þar sem talin var flóðahætta. Við skipulag nýrrar byggðar nálægt ströndinni er tekið mið af spám um áhrif fyrirsjáanlegra loftslagsbreytinga.

Með stjórnvaldsaðgerðum og lagasetningu er unnið að orkuskiptum í samgöngum og er áhersla lögð á að styrkja innviði til þess að mæta þeirri áætlun. Gert er ráð fyrir álagi vegna fjölgunar rafbíla í uppbyggingu raforkukerfisins og í deiliskipulagi verða ákvæði um hleðslubúnað við fjölbýlishús.

Með aukinni notkun innlendrar og endurnýjanlegrar orku er dregið úr notkun orkugjafa sem hafa slæm áhrif á loftslag og umhverfi. Sveitarfélagið hefur byggt upp hleðslustöðvar og veitt styrki til uppsetningar þeirra.

Sjá einnig umfjöllun í kafla 2.4.2.

1.2.3 KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2019-2028

Nýtt tengivirki Landsnets var reist á Akranesi 2015-2016. Bærinn tengist bæði Brennimel og Andakílsárvirkjun á 66 kV svæðisflutningskerfi Landsnets. Lokið er lagningu 66 kV jarðstrengs skv. kerfisáætlun meðfram Flóahverfi sem leysti af hólmi loftlínu. Línan kom í stað loftlínu og bætir afhendingaröryggi raforku á Akranesi.

1.2.4 SAMGÖNGUÁÆTLANIR

Samgöngumannvirki á Akranesi gegna ákveðnu hlutverki í heildarskipulagi samgangna á Íslandi skv. samgönguáætlun 2020-2034. Eftirtaldir framkvæmdir eru á Akranesi í samgönguáætlun 2020-2024:

- Faxabraut, hækkun vegar og sjónvörn á árunum 2020 og 2021. Lokið.
- Sjóvarnir í Höfðavík, Leyni og Sólmunarhöfða árið 2021.

1.2.5 SKIPULAGSÁÆTLANIR

SVÆÐISSKIPULAG

Ekkert svæðisskipulag er í gildi á svæðinu.

AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2008-2020.

- Í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar er gert ráð fyrir þéttbýli við sveitarfélagamörkin austan Akraness með hámarksþéttleika byggðar 20-25 íb/ha. Gatnakerfi aðliggjandi hverfa á Akranesi er með þeim hætti að auðveldlega má tengja safngötu til austurs en Innesvegur (tengibraut) verður megintenging svæðanna.
- Ekki er gert ráð fyrir Grunnafjarðarleið í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.
- Gert er ráð fyrir vatnsbólum, vatnsverndarsvæðum og stofnlögn vatnsveitu Akraness í aðalskipulaginu.
- Ekki eru sýndar reiðleiðir austur úr landi Akraness ofan og neðan golfvallar. Sveitarfélagsuppdráttur Hvalfjarðarsveitar og aðalskipulagsuppdráttur Akraness eru ekki sambærilegir hvað nákvæmni varðar þar sem aðalskipulag Akraness er allt unnið í mælikvarða 1:10.000 og með nákvæmni þéttbýlisuppdráttar. Nákvæm samræming á því ekki við í þessu tilviki. Nauðsynlegt er að haga skipulagi reiðleiða með þeim hætti að slíkri umferð verði ekki beint inn í íbúðarbyggð á Akranesi.
- Endurskoðað aðalskipulag Akraness tekur til Óslands, Kirkjutungu, sem nú er innan marka aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar. Landnotkunarreitir og ákvæði úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar eru tekin inn í skipulagið. Breytingin er í samræmi við drög að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, sem nú er í kynningu (des. 2021).

Fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 (des. 2021). Samræmi er milli hennar og tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Akraness í þeim þáttum, sem máli skipta, þ.e. vatnsvernd, stofnlögnum, vegakerfi og stígakerfi á sama hátt og áður.

DEILISKIPULAG

Gildandi deiliskipulagsáætlanir og fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi einstakra svæða hafa verið höfð til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulagsins.

1.3 FRAMKVÆMDIR HÁÐAR LÖGUM UM UMHVERFISMAT

Í tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir neinum nýframkvæmdum sem falla í A flokk í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Eftirtaldir liðir úr 1. viðauka laganna geta átt við framkvæmdir og breytingar á mannvirkjum á Akranesi:

10.09 Viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir og viðlegubryggjur til lestunar og löndunar utan hafna (aðrar en ferjulægi) fyrir skip stærri en 1.350 tonn. Flokkur A

10.18 Mannvirki til að verjast rofi á strandlengjum á verndarsvæðum, t.d. með stíflugörðum, brimbrjótum, hafnargörðum og öðrum varnarmannvirkjum gegn ágangi sjávar. Landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri. Undanskilið er viðhald og endurbygging framangreindra mannvirkja. Flokkur B.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum, sem falla undir ofantalda liði:

- Um 90 m sjóvarnargarður utan verndarsvæða. Liður 10.18 Flokkur B.
- Samtals um 160 m sjóvarnargarðar innan hverfisverndarsvæða á Breiðinni og í Kalmansvík. Liður 10.18 Flokkur B.
- Um 6 ha landfylling við Akraneshöfn. Liður 10.18 Flokkur B.

Ekki er beinlínis gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum, sem falla undir ákvæði laganna, en upp geta komið framkvæmdahugmyndir eða áform um atvinnustarfsemi, t.d. á iðnaðar- og athafnasvæðum í Höfðaseli, Flóahverfi og Kirkjutungu, sem háð eru mati á umhverfisáhrifum eða eru tilkynningarskyld. Ekki eru forsendur fyrir frekari umfjöllun um slíka starfsemi á þessu stigi. Breytingar og viðbætur t.d. við Akraneshöfn háðar ákvæðum laganna.

Nýmæli laga nr. 111/2021 felst m.a. í því að nú eru allar skipulagsáætlanir og breytingar á þeim háðar ákvæðum laganna en áður féllu undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 einungis þær áætlanir, sem fólu í sér heimildir til framkvæmda sem féllu undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfismatsskýrslu skal því vinna samhliða allri skipulagsvinnu.

2 MAT Á LÍKLEGUM UMHVERFISÁHRIFUM

2.1 ÁHRIFABÆTTIR

Helstu áhrifaþættir vegna framfylgdar breytinga á aðalskipulagi eru:

- Landfyllingar á hafnarsvæði.
- Framkvæmdir og uppbygging á nýjum byggingarsvæðum.
- Endurnýjun og þétting byggðar inna núverandi þéttbýlis.
- Aukin umferð sem afleiðing af uppbyggingu og fjölgun íbúa.

2.2 UMHVERFISÞÆTTIR, SEM VERÐA FYRIR ÁHRIFUM

- Bæjarmynd
 - Áhrif framkvæmda á bæjarmynd verða í meginatriðum jákvæð en munu annars fara eftir útfærslu í deiliskipulagi og hönnun mannvirkja.
 - Landfyllingar á hafnarsvæði breyta ásýnd bæjarins frá hafi. Breytingar geta orðið jákvæðar.
- Náttúrufar, landslag, búsvæði
 - Það land sem brotið er undir byggð og starfsemi er undantekningarlaust raskað land, þar meðtalið framræst votlendi.
- Efnisleg verðmæti.
 - Uppbygging byggðar og framþróun atvinnulífs hefur almennt jákvæð áhrif á efnisleg verðmæti.

2.3 UMHVERFISVANDAMÁL OG MÓTVÆGI

Í aðalskipulaginu eru ekki skilgreindar heimildir til framkvæmda á svæðum sem hafa sérstakt náttúruverndargildi nema hvað hluti framræsts lands í Kirkjutungu er afmarkað sem votlendi á vefsja Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Þar er um að ræða Grjótkelduflóa sem ræstur var fram á 7. áratug síðustu aldar en hefur ekki verið nýttur sem tún.

Tillaga NÍ um stækkun friðlýsta svæðisins í Blautósi og Innstavogsnesi til suðurs með ströndinni að Kalmansvík fellur saman við núverandi afmörkun hverfisverndarsvæða í aðalskipulagi og hefur ekki áhrif á aðra landnotkun. Nýtt hverfisverndarsvæði á Vesturflös tekur mið af tillögu NÍ.

Unnið er að framkvæmdum við fráveitu samkvæmt ákveðinni áætlun þannig að ákvæði reglugerða um mengun og hreinleika sjávar verði uppfyllt og athafna og iðnaðarsvæði í norðurhluta bæjarins tengist aðalfráveitukerfi bæjarins.

Loftmengun vegna starfsemi Sementsverksmiðjunnar er ekki lengur fyrir hendi. Starfsemi fiskverkunarfyriertækja, sem hafði í för með sér lyktarmengun, hefur verið hætt.

Með endurbótum á gatnakerfi og markvissri hraðastýringu umferðar (30 km svæði) er stuðlað að bættu umferðaröryggi.

Með gerð sjóvarnargarða er dregið úr flóðahættu og landbroti.

2.4 MAT Á ÁHRIFUM BREYTINGA

Þær breytingar frá gildandi aðalskipulagi, sem metnar eru m.t.t. hugsanlegra umhverfisáhrifa, eru:

- Stækkun skipulagssvæðis
- Athafnasvæði í Kirkjutungu.
- Blönduð byggð með íbúðarbyggð við Ægisbraut.
- Endurskoðun stígakerfa.
- Afmörkun þróunarsvæða.
- Hótel á golfvallarsvæði
- Landfyllingar á hafnarsvæði.
- Breyting á afmörkun miðbæjar og miðsvæða.

2.4.1 STÆKKUN SKIPULAGSSVÆÐIS

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

- Óbreytt sveitarfélagsmörk.
- Breytt sveitarfélagsmörk til samræmis við samkomulag sveitarfélaga og tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Nánari greining óþörf.

MAT

Með stækkun skipulagssvæðis um eign Akraneskaupstaðar í Óslandi - Kirkjutungu færast landnotkunarreitur, vatnsból og og hluti vatnsverndarsvæða, sem skilgreind voru í aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar, inn í í aðalskipulag Akraness. Áform eru um nýtingu undirlendisins á því svæði, norðan Berjadalsár, undir atvinnustarfsemi. Breyting á sveitarfélagamörkum hefur í sjálfu sér engin áhrif á umhverfi en að öllum líkindum jákvæð áhrif á samfélag þar sem landið getur nýst undir byggð.

2.4.2 ATHAFNASVÆÐI Í KIRKJUTUNGU

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Meginkostir:

- Óbreytt landnotkun, beitarhólf eða ónotað land.
- Land nýtt undir byggð.

Valkostir fyrir fyrirferðarmikla starfsemi:

- Flóahverfi.
 - Uppbygging hafin í suðurhluta. Litlar og meðalstórar athafnalóðir. Unnið að samvinnu fyrirtækja í vistvænum iðngarði (EIP).
 - Norðurhluti ætlaður undir matvælaíðnað.
- Höfðasel.
 - Byggt að hluta. Meðalstórar iðnaðarlóðir. Stækkun svæðisins verður líklega með athafnalóðum án bygginga.
- Garðaflói austan Flóahverfis.
 - Að stórum hluta framræstur flói, sem telst votlendissvæði skv. náttúruvargreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og fellur því undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Suður og austurhluti svæðisins er tún og graslendi.
 - Um svæðið liggur hugsanleg/möguleg veglína Grunnafjarðarleiðar, sem þó er ekki á neinum skipulagsáætlunum á þessu stigi.
- Ósland, Kirkjutunga.
 - Að stórum hluta framræstur flói. Hluti svæðisins er votlendissvæði skv. náttúruvargreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og fellur því undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Eystri hluti svæðisins er tún og graslendi.
 - Akranes er landlítið sveitarfélag og er Kirkjutunga eini kosturinn á samfelldu stóru svæði undir nýja starfsemi. Aðrir kostir teljast óraunhæfir í því tilliti.

MAT

Afmarkað er nýtt 73 ha athafnasvæði í Kirkjutungu. Er þar litið til plássfrekrar starfsemi, sem ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt að öðru leyti en sem nemur landnýtingu og fyrirferð. Þar getur t.d. verið um að ræða gagnaver. Á undirbúningsstigi verður ljóst hvort áformuð starfsemi falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum og eru því ekki forsendur nú til þess að leggja mat á líkleg umhverfisáhrif.

Nýtt athafnasvæði í Kirkjutungu ásamt iðnaðar- og athafnasvæðum í Flóahverfi eru forsenda fyrir áframhaldandi endurnýjun og þéttingu byggðar innan þjóðveggar. Svæðin gefa kost á því að fyrirferðarmikil starfsemi, fyrirtæki sem ekki eiga heima inni í þéttri eða blandaðri byggð eða starfsemi sem býr við þröngan og úreltan húsakost, geti komið sér fyrir þar.

Uppbygging Kirkjutungu felst í því að framræstur flói verði tekinn undir byggð. Gróið land, graslendi og deiglendi (votlendi), verður að athafnalóðum. Áform um nýtingu Kirkjutungu undir atvinnustarfsemi byggjast á brýnni nauðsyn á uppbyggingarkostum fyrir atvinnulíf á Akranesi.

Stefnt er að því að viðhafa blágrænar ofanvatnslausnir á svæðinu sem að einhverju leyti verður mótvægi við breytta nýtingu landsins. Framfylgd skipulagsins, þ.e. uppbygging svæðisins, hefur neikvæð áhrif á vistkerfi svæðisins en jákvæð áhrif á samfélagsþætti með aukinni atvinnustarfsemi.

2.4.3 ÍBÚÐARBYGGÐ VIÐ ÆGISBRAUT

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

- Óbreytt landnotkun, athafnasvæði.
 - Yfirbragð svæðisins fellur ekki vel að aðliggjandi íbúðarbyggð.
 - Nokkrar lóðir eru óbyggðar.
- Breytt landnotkun með blandaðri byggð og íbúðarbyggð.
 - Gefur kost á endurbættri bæjarmynd og búsetuumhverfi á svæðinu.
 - Svæðið liggur vel við skólum og samfélagsþjónustu.
 - Svæðið liggur lágt en er varið með sjóvarnargörðum.

Endurnýjun byggðar við Ægisbraut er sjálfstætt og staðbundið verkefni, óháð öðrum þéttingar- og endurnýjunarkostum á Akranesi.

MAT

Óbreytt landnotkun felur í sér einhverja þróunarkosti fyrir atvinnustarfsemi.

Þétting byggðar með möguleika á íbúðarbyggð á svæðinu bætir nýtingu núverandi þjónustukerfa og gefur kost á búsetu á miðlægu svæði, sem liggur vel við stofnunum og þjónustusvæðum. Miðað er við að ekki verði íbúðir á jarðhæðum á svæðinu m.a. vegna hæðarlegu þess og nálægðar við hafið.

Breytingin hefur engin áhrif á náttúruferna en jákvæð áhrif felast í þéttingu byggðar, bættri bæjarmynd og betri nýtingu innviða.

2.4.4 ENDURSKOÐUN GÖNGU- HJÓLA – OG REIÐSTÍGAKERFIS

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Endurskoðunin felst í breyttum skilgreiningum og breyttri legu á nokkrum stöðum á framtíðarbyggingarsvæðum. Ekki er um að ræða samanburðurðarhæfa skipulagskosti, sem máli skipta.

MAT

Endurskoðun stígakerfis var unnin af starfmönnum Akranesbæjar. Meginstígakerfi verður markvissara en áður og skýrari munur er gerður á meginstígum og almennum stígum, sem mynda þéttriðið net um bæinn. Einnig er með endurskoðuninni stuðlað að auknu öryggi reiðmanna og annars útivistarfólks með skýrari aðgreiningu og betri skilgreiningu um heimilaða umferð á stígum bæjarins.

Bætt skipulag stígakerfis hefur jákvæð áhrif á samfélag og lýðheilsu en áhrif breytingarinnar á umhverfi og menningarminjar eru engin.

Lögð eru drög að áætlun um „landsbyggðarstíg“ sem nýst getur til langferðalaga á reiðhjólum. Um verður að ræða samvinnuverkefni með Vegagerðinni og Hvalfjarðarsveit.

2.4.5 AFMÖRKUN ÞRÓUNARSVÆÐA

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Áform um endurskoðun stefnu um nýtingu og notkun þeirra svæða sem afmörkuð eru sem þróunarsvæði eru sjálfstæð og óháð öðrum svæðum. Valskostagreining á því ekki við.

MAT

Stefna um þróunarsvæði á Breið/hafnarsvæði, Langasandi/Leyni og á Smiðjuvöllum getur leitt til endurbóta á bæjarmynd, bættrar landnýtingar og aukinna gæða búsetuumhverfis auk bættrar nýtingar og endurnýjunar núverandi mannvirkja.

Á þessu stigi er ekki ljóst hver niðurstaða þróunarvinnu verður en markmið um þetta, blandaða byggð og fallett bæjarumhverfi verða höfð að leiðarljósi. Áhrif breytinga verða metin þegar þar að kemur.

2.4.6 HÓTEL Á GOLFVALLARSVÆÐI

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Með breytingu á aðalskipulagi, sem gerð var 2008, var gert ráð fyrir hótellóð við Garðalund og golfvöll. Ekkert framhald varð á uppbyggingaráformum en áætlanir komu fram um hótél við Sementsbryggju í samhengi við uppbyggingu á Sementsreit. Hótelreitur við Garðalund var felldur út með breytingu á aðalskipulagi 2020.

Valkostir:

- Hótel í einhverri núverandi byggingu á Akranesi eða með endurnýjun í gamla bænum.
- Hótel á Sementsbryggju.
- Hótel við golfvöll.

Uppbygging og rekstur hótela tekur mið af framtíðarsýn og væntingum, sem ekki þurfa að byggjast á „núverandi stöðu“ eða tölum um fjölda gistinguáttu í bæ með engu hóteli. Bæði rekstársjónarmið og ímyndarsköpun geta haft áhrif á framkvæmda- og rekstraráform. Eitt útilokar ekki annað í þessu tilliti og uppbyggingarkostir í aðalskipulagi skilyrða ekki uppbyggingu.

MAT

Endurvakin eru áform um hótél við golfvöllinn með breyttri staðsetningu, þ.e. innan núverandi marka vallarins. Áhrif á náttúrufar eru engin þar sem um raskað land er að ræða og innan byggðar. Breytingin hefur ekki áhrif á menningarminjar. Samfélagsleg áhrif verða væntanlega jákvæð með auknu aðdráttarafli golfvallarins og þar með hugsanlega auknum umsvifum.

2.4.7 LANDFYLLINGAR Á HAFNARSVÆÐI

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Landfylling við Sementsbryggju, valkostir:

- Óbreytt.
 - Uppbygging og nýting skv. gildandi deiliskipulagi.
- Stækkuð landfylling.
 - Stækkuð landfylling gefur kost á bættri landnýtingu á verðmætum stað í góðum tengslum við nýja byggð og gamla miðbæinn.

Landfylling við aðalhafnargarð:

- Óbreytt, engar fyllingar.
 - Öryggi hafnar verður ekki bætt.
 - Hafnarsvæði ekki stækkað.
- Lenging hafnargarðs, engin landfylling sunnan hans.
 - Bætt öryggi hafnar.
 - Hafnarsvæði ekki stækkað.
- Landfylling skv. skipulagstillögu.
 - Bætt öryggi hafnar.
 - Stækkun hafnarsvæðis, athafnalóðir í góðum tengslum við höfnina.

MAT

Stefnt er að stækkun landfyllingar austan á Sementsbryggju. Fyllingin er ekki talin hafa áhrif á sjólag í höfninni eða sandburð að henni. Stækkunin byggist á meginlínunum eldra aðalskipulags og fellur vel að deiliskipulagi Sementsreits.

Landfylling utan á aðalhafnargarðinum er endurskoðuð en áður var gert ráð fyrir stórrí landfyllingu í tengslum við Skarfatangahöfn, sem felld hefur verið út úr aðalskipulagi. Nú er fyllingin lögð upp að hafnargarðinum og yfir Steinsvör en þaðan var útræði áður. Hins vegar er fyllingin styttil til suðurs þannig að Skarfavör og umhverfi hennar verður óbreytt. Ströndin og umhverfi hennar hefur mótast af athafnasemi, uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsfyrirtækja um langan aldur. Einnig hefur landbrot verið talsvert þannig að umhverfið er ólíkt því sem var fyrr á öldum þegar róíð var þaðan á árabátum. Landfyllingin mun leggjast yfir hluta þessa umhverfis. Öflugir sjóvarnargarðar eru nú meðfram allri ströndinni á svæðinu.

Í breytingunni felst landmótun og með henni fæst byggingarland á hafnarsvæði í góðum tengslum við hafnarmannvirki. Staðbundin áhrif eru á lífríki sjávar sem nær jafnvægi er frá líður. Í vík sunnan og vestan hafnargarðsins eru gamlir lendingarstaðir, Heimaskagavör, Miðteigsvör, Háteigsvör/Réttarhúsavör og Steinsvör svo og nokkrir steiptir stöplar sem eru leifar bryggju sem upphaflega var gerð 1908 og síðar bætt við. Fyrir liggur nákvæm kortlagning svæðisins m.t.t. þessara ummerkja (fornleifakönnun við Akraneshöfn, Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson 2018). Í breytingunni felst að fyllingar verða mun umfangsminni gagnvart strönd og gömlum lendingarstöðum, vörum, en skv. eldra skipulagi. Fyllingin mun loka Steinsvör en Skarfavör verður ósnert.

Samfélagsleg áhrif breytingarinnar verða jákvæð vegna aukins svigrúms fyrir hafnsækna starfsemi og uppbyggingar í beinum tengslum við hafnarmannvirki.

2.4.8 BREYTT AFMÖRKUN MIÐBÆJAR OG MIÐSVÆÐA

RAUNHÆFIR SKIPULAGSKOSTIR

Valkostagreining á ekki við.

MAT

Afmörkun miðbæjar/miðsvæða er breytt til þess að leggja áherslu á Akratorg sem þungamiðju. Miðsvæði á Sementsreit mun styðja við og efla gamla miðbæinn. Verslunarhús á Skagaverstúni og blönduð byggð á Dalbrautarreit er ekki lengur skilgreind sem miðbær.

Óbreytt afmörkun gæti falið í sér ómarkvissari stýringu uppbyggingar og þróunar miðbæjarins og styður síður markmið um eflingu og endurreisn gamla miðbæjarins.

2.4.9 AÐRAR BREYTINGAR

- Fallið frá breytingu á sjóvarnargarði í Leyni og stækkun íbúðarsvæðis.
- Veglína Grunnafjarðarleiðar ekki merkt sem „skipulagi frestað“.
- Fallið frá áformum um nýjan kirkjugarð.

MAT

Fallið er frá breytingu á sjóvarnargarði í Leyni og þar með möguleika á stækkun íbúðarsvæðis meðfram Innnesvegi. Áform skv. ASAKRA05 voru ekki í samræmi við skipulagslínur í Hvalfjarðarsveit. Sjóvarnargarðurinn hefur verið endurbyggður á sama stað og eldri varnargarður var. Breytingin hefur jákvæð áhrif á umhverfisþætti þar sem fallið er frá breytingu strönd og landslagi með landfyllingu á þegar frágengnu svæði.


Grunnafjarðarleið, breyttur Þjóðvegur 1, er hvorki á skipulagsáætlunum sveitarfélaga né í samgönguáætlun. Í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 var skipulagi frestað í vegstæði Grunnafjarðarleiðar. Ekki er gert ráð fyrir veginum í þessari áætlun en hugsanlegt vegstæði er afmarkað sem opið svæði með ákvæðum um að óheimilt verði að skipuleggja þar landnotkun eða varanleg mannvirki sem staðið geti í vegi fyrir breyttum Þjóðvegi. Afmörkunin hefur engin umhverfiáhrif á þessu stigi.

Við endurskoðun skipulagsins kom til athugunar að nýr kirkjugarður yrði á svæði 231 ofan Garðalundar. Fallið var frá þeirri hugmynd og er nú gert ráð fyrir að unnt verði að stækka gamla kirkjugarðinn til vesturs inn á svæði sem merkt er S-13 í aðalskipulagi 2005-2017 og var ætlað undir nýja kirkju. Breytingin hefur hvorki áhrif á umhverfi né menningarminjar.


2.4.10 ENDURMAT Á ÍBÚAÞRÓUN, ÍBÚÐAÞÖRF OG LANDÞÖRF.

Endurmat á íbúaðróun, íbúðaðörf og landþörf felur ekki í sér ólíka skipulagskosti.

Gerð er grein fyrir endurmatinu í 2. kafla í forsenduhefti aðalskipulagsins. Endurmat lýðtalna hefur eðli máls samkvæmt engin umhverfisáhrif.

| Aðalskipulag Akraness 2021-2033. UMÁ Breytingar frá gildandi aðalskipulagi  Yfirlit umhverfisáhrifa 1) | | | | |
|---|--|---|---|---|
| ★ Jákvæð áhrif ★ Óviss áhrif ★ Háð útfærslu ★ Neikvæð áhrif ★ Engin áhrif - á ekki við | | | | |
| | 01 | 04 | 03 | 05 |
| Viðfangsefni > V Matspættir | Stækkun skipulagssvæðis | Athafnasvæði í Óslandi Kirkjutungu | Íbúðarbyggð við Ægisbraut | Endurskoðun stígakerfa |
| a) Íbúar og heilbrigði manna | ★ Engin áhrif | ★ Háð starfsemi | ★ Á ekki við | ★ Stuðlar að bætri lýðheilsu |
| b) Líffræðileg fjölbreytni, tegundir, búsvæði, vernd | ★ Á ekki við | ★ Gróið land og votlendi tekið undir byggð ★ Hagnýting blágrænna ofanvatnslausna | ★ Á ekki við, raskað land í byggð | ★ Á ekki við ★ Bætt aðgengi til náttúruskoðunar |
| c1) Land, landslag, jarðmyndanir | ★ Á ekki við | ★ Engar jarðmyndanir, sem njóta eiga verndar | ★ Á ekki við | ★ Engin áhrif ★ Bætt aðgengi t.d. að strönd |
| c2) Loft og loftslag | ★ Á ekki við | ★ Háð starfsemi ★ Gróið land og votlendi tekið undir byggð | ★ Þétting byggðar nýtir núverandi þjónustakerfi | ★ Styrkir vistvæna ferðamáta |
| d1) Efnisleg verðmæti | ★ Möguleg landnotkun sem ekki á heima inni í þéttbýlinu | ★ Atvinnuuppbygging | ★ Uppbyggingarmöguleikar og bætt landnýting | ★ Nýtir núv. vegi og slóða að mestu leyti |
| d2) Menningarminjar | ★ Engin áhrif | ★ Engin áhrif | ★ Bætt bæjarmynd ★ Styrkir umhverfi gamalla húsa við Presthúsabraut | ★ Engin áhrif |
| e) Næmi gagnvart hamförum og stórslysum | ★ Ekki á hættusvæði | ★ Ekki á hættusvæði | ★ Háð útfærslu m.t.t. flóðavarna | ★ Á ekki við |
| Samspil þátta e) - f) | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Jákvæð heildaráhrif |

Mynd 2. Samantekt umhverfismats, fyrri hluti

| Aðalskipulag Akraness 2021-2033. UMÁ Breytingar frá gildandi aðalskipulagi  Yfirlit umhverfisáhrifa 2) | | | | |
|---|---|--|---|---|
| ★ Jákvæð áhrif ★ Óviss áhrif ★ Háð útfærslu ★ Neikvæð áhrif ★ Engin áhrif - á ekki við | | | | |
| | 01 | 02 | 03 | |
| Viðfangsefni > V Matspættir | Hótel á golfvallarsvæði | Landfylling á hafnarsvæði | Breytt afmörkun miðbæjar og miðsvæða | Afmörkun þróunarsvæða |
| a) Íbúar og heilbrigði manna | ★ Á ekki við | ★ Engin áhrif | ★ Engin áhrif | ★ Á ekki við |
| b) Líffræðileg fjölbreytni, tegundir, búsvæði, vernd | ★ Raskað land í notkun | ★ Engin áhrif | ★ Á ekki við | ★ Á ekki við |
| c1) Land, landslag, jarðmyndanir | ★ Engin áhrif | ★ Áhrif á sandbúskap Langasands verða vöktuð | ★ Á ekki við | ★ Engin áhrif |
| c2) Loft og loftslag | ★ Engin áhrif | ★ Engin áhrif | ★ Á ekki við | Hugsanleg bætt nýting núv. fasteigna. Möguleg uppbygging/ þétting byggðar |
| d1) Efnisleg verðmæti | ★ Sóknarfæri í ferðaþjónustu | ★ Bætt öryggi og afkastageta hafnarinnar | ★ Stuðlar að eflingu gamla miðbæjarins | ★ Engin áhrif |
| d2) Menningarminjar | ★ Engin áhrif | ★ Fylling lokar Steinsvör | ★ Styrkir bæjarmynd gamla miðbæjarins | ★ Engin áhrif |
| e) Næmi gagnvart hamförum og stórslysum | ★ Á ekki við | ★ Bætur öryggi hafnarinnar | ★ Á ekki við | ★ Á ekki við |
| Samspil þátta e) - f) | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Jákvæð heildaráhrif | ★ Á ekki við á þessu stigi |

Mynd 3. Samantekt umhverfismats, síðari hluti

2.5 MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGSINS

Endurskoðun aðalskipulags Akraness felur ekki í sér grundvallarbreytingar á stefnu bæjarstjórnar um landnotkun og landnýtingu.

Nýleg umhverfisstefna Akraness stendur við hlið aðalskipulagsins og er ekki endurtekin þar.

2.5.1 SAMANTEKT UMHVERFISÞÁTTA, VIÐMIÐA OG STEFNU.

| UMHVERFISÞÁTTUR: | VIÐMIÐ: | STEFNA AÐALSKIPULAGS: |
|-------------------------|--|--|
| Andrúmsloft og veðurfar | <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026</p> <p><i>Skipulag landnotkunar stuðli að öryggi almennings gagnvart náttúruvá og loftslagsbreytingum.</i></p> <p><i>Við skipulag byggðar verði tekið tillit til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</i></p> | Aðgerðir og áætlun um sjóvarnargarða. |
| | <p>Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999</p> <p><i>Halda skal loftmengun í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.</i></p> | Stefna um orkuskipti í samgöngum. Áhersla á almenningssamgöngur |
| | <p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum</p> <p><i>Innviðir fyrir virka ferðamáta.</i> Hjóla- og göngustígar verða markvisst byggðir upp til að auka enn frekar vægi virkra ferðamáta og gera fleirum kleift að velja þá.</p> <p><i>Efling almenningsamgangna.</i> Stutt verður við almenningsamgöngur í landinu með margvíslegum hætti.</p> <p><i>Rafvæðing hafna.</i> Markvisst verður unnið að enn frekari rafvæðingu við hafnir vítt og breitt um landið</p> <p><i>Efling skógræktar.</i> Skógrækt verður eflid til að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti og efla á sama tíma lífríki. Sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir á landi sem losar kolefni úr jarðvegi.</p> <p><i>Endurheimt votlendis.</i> Endurheimt votlendis verður eflid hér landi, sem og rannsóknir á árangri aðgerða og áhrifum þurrkunar votlendis á losun gróðurhúsalofttegunda. Ávinningurinn birtist ekki einungis í minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda heldur einnig til að mynda í bættri vatnsmiðlun og fjölbreyttara fuglalífi.</p> <p><i>Verndun votlendis.</i> Ákvæðum laga um verndun votlendis verður fylgt betur eftir og eftirlit aukið með nýrri framræslu og kröfum sveitarfélaga um framkvæmdaleyfi. Unnið verður að verkefninu í samstarfi við bændur, aðra landeigendur, sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og aðra aðila.</p> | Stefna um orkuskipti í samgöngum. Áhersla á almenningssamgöngur Endurskoðun stígakerfis. Aðalstígar með aðstöðu til hjóleiða. Drög að landsbyggðarstíg til langferða á reiðhjól. Áætlanir Faxaflóahafna eru utan stefnumótunar aðalskipulags. Gert er ráð fyrir aukinni skógrækt m.a. til skjólmyndunar og útivistar. Afmarkað er hverfisverndarsvæði í Innsta-Vogi þar sem gert er ráð fyrir endurheimt votlendis. |
| | | Haldið verður áfram með blágrænar ofanvatns-lausnir í skipulagi og uppbyggingu byggðar. Stefna um gæði bygginga stuðlar að löngum nýtingartíma þeirra og þar með minni sóun auðlinda og minni áhrifum á loftslag en ella. 20 mínútna bærinn. |

| UMHVERFISÞÁTTUR: | VIÐMIÐ: | STEFNA AÐALSKIPULAGS: |
|----------------------------|---|---|
| Vatn og sjór | <p>Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns <i>...að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum.</i></p> <p>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns <i>...að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum.</i> <i>...að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.</i></p> | Uppbyggingu fráveitukerfis verður haldið áfram skv. áætlun og byggðir ofan þjóðveggar tengdar hreinsistöð og útrás. |
| Vistkerfi á landi og í sjó | <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 <i>...að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.</i> <i>...að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.</i></p> <p>Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika <i>...að vernda líffræðilega fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda.</i></p> <p>Bernarsamningur um verndun búsvæða <i>...að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegrar samvinnu þarf til að vernda.</i></p> <p>Ramsarsamningur um votlendi <i>...Að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.</i></p> | <p>Friðland, friðlýst svæði: Blautós og Innstavogsnes.</p> <p>Hverfisvernd meginhluta strandar utan hafnarsvæða.</p> <p>Vöktun á sandbúskap Langasands vegna hafnarmannvirkja.</p> <p>Friðland, hverfisvernd, blágrænar ofanvatnslausnir, skógrækt.</p> <p>Votlendisvernd og blágrænar ofanvatnslausnir.</p> <p>Votlendisvernd og blágrænar ofanvatnslausnir.</p> |
| Heilsa og öryggi | <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 <i>Skipulag byggðar og landnotkunar feli í sér samþætta stefnu um byggð og samgöngur með áherslu á greiðar, öruggar og vistvænar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.</i></p> <p>Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 <i>...að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.</i></p> <p>Reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða nr. 505/2000 <i>Taka skal fullt tillit til hættumats við alla skipulagsgerð.</i> <i>Við endurskoðun aðalskipulags skal sveitarstjórn meta hvort ástæða sé til að endurskoða hættumat.</i></p> | <p>Stefna um blandaða þétta byggð innan þjóðveggar og endurskoðun stígakerfis með áherslu á fjölbreytta ferðamáta.</p> <p>Viðfangsefni deiliskipulags.</p> <p>Sjóvarnargarðar og áætlun um endurbætur og framkvæmdir skv. áætlun.</p> |

| UMHVERFISÞÁTTUR: | VIÐMIÐ: | STEFNA AÐALSKIPULAGS: |
|--------------------------------|--|---|
| | <p>Stefnumótun mennta- og menningarráðuneytis í íþróttamálum</p> <p><i>Aukið samráð sveitarfélaga á landsvísu um íþróttamannvirki og uppbyggingu þeirra,</i></p> <p>Að auka notkun almennings á umhverfsvænum ferðamátum sem hluta af markmiðum tengdum hreyfingu.</p> | <p>Á Akranesi eru íþróttamannvirki sem þjóna viðburðum á landsvísu.</p> <p>Endurskoðun stígakerfis.</p> |
| Hagrænir og félagslegir þættir | <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026</p> <p><i>Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelltri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.</i></p> <p><i>Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.</i></p> | <p>Stefnt er að þéttri blandaðri byggð.</p> <p>Sett eru ákvæði um gæði bygginga, sem verða forsenda fyrir mati á eiginleikum bygginga m.t.t. grunnþátta byggingarlistarinnar.</p> <p>Lögð er áhersla á vandað bæjarumhverfi með fallegri bæjarmynd sem hafi jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og auki aðdráttarafl bæjarins.</p> |
| | <p>Ferðamálaáætlun 2011-2020</p> <p><i>Að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörubrúun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið um land allt, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið.</i></p> <p><i>Að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar.</i></p> | <p>Fjölbreytt og aðgengileg útivistarsvæði eru umhverfis bæinn og innan byggðar.</p> <p>Uppbygging og stefna um ferðamannasvæði á Breiðinni og hótél við golfvöll.</p> |
| | <p>Menningarstefna í mannvirkjagerð</p> <p><i>Tryggja á gæði í byggingarlist við hönnun og framkvæmd opinberra mannvirkja.</i></p> <p><i>Áhersla skal vera á heildarmynd hvers verkefnis við hönnun og skipulag opinberra mannvirkja. Leitast skal við að tryggja sem best aðgengi fyrir alla. Frágangur lands og lóða og hlutdeild listar eru órjúfanlegir þættir í heildarmynd verkefna.</i></p> | <p>Sett eru ákvæði um gæði bygginga, sem verða forsenda fyrir mati á eiginleikum bygginga m.t.t. grunnþátta byggingarlistarinnar.</p> |
| | <p>Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012-2014</p> <p>Að tryggja öllum jafnt aðgengi að manngerðu umhverfi.</p> | <p>Viðfangsefni á deiliskipulags- og framkvæmdastigi.</p> |
| | | <p>Lög um menningarminjar nr. 80/2012</p> <p><i>...að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.</i></p> |
| | <p>Menningarstefna í mannvirkjagerð</p> <p><i>Tryggja ber verndun og viðhald hins manngerða umhverfis til samræmis við menningarlegt og sjónrænt gildi þess. Stuðla skal að því að menningararfur manngerðs umhverfis njóti</i></p> | <p>Minjaskrá og merking minjastaða.</p> <p>Hagnýting húsakönnunar.</p> |

| UMHVERFISÞÁTTUR: | VIÐMIÐ: | STEFNA AÐALSKIPULAGS: |
|------------------|--|---|
| | <p><i>aðgæslu og virðingar sem hentar sögulegu hlutverki, tæknilegum vitnisburði og sjónrænum eiginleikum.</i></p> <p>Verklagsreglur um friðun húsa og byggðarmynsturs, viðhald, endur- og viðbyggingar skulu stuðla að lifandi notkun. Tryggja ber varðveislu hins byggða menningararfs með tilliti til upprunalegrar verktækni og mikilvægra sérkenna.</p> | |
| Landslag | <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013</p> <p><i>...að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags.</i></p> <p>Menningarstefna í mannvirkjagerð</p> <p>Við hönnun, skipulag og byggingarframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggir að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni. Einnig skal huga að náttúrulegri strandlínu og sjávarbotni svo að tryggja megi sérstöðu og margbreytileika.</p> <p>Sett eru markmið um hagræna þætti, sem byggjast á gæðum bygginga og góðri byggingarlist. Vönduð byggingarlist er dýrmæt fyrir þjóðarauðinn.</p> | <p>Friðland í Blautósi og Innstavogsnesi.</p> <p>Hverfisvernd strandar og votlendis.</p> <p>Nýtt hverfisverndarsvæði er afmarkað á Vesturflös með hliðsjón af tillögum NÍ.</p> <p>Viðfangsefni á deili-skipulags- og framkvæmdastigi.</p> <p>Í samræmi við áherslu á vandað bæjarumhverfi og fallega bæjarmynd skal stefnt að því að byggingar á Akranesi geti talist góð byggingarlist hvað snertir notagildi, tæknileg gæði og ásýnd (utilitas, firmitas, venustas) .</p> |

2.6 SAMANTEKT STEFNU Í LOFTSLAGSMÁLUM

Aðgerðum til þess að mæta markmiðum yfirvalda í loftslagsmálum má skipta í þrennt:

- Aukin binding
- Minni losun
- Aðlögun að breytingum

Stefna sveitarfélagsins í loftslagsmálum er víðtæk og kemur fram í mörgum köflum aðalskipulagsins. Í meðfylgjandi töflu eru stefnumiðin talin upp og þeim skipt í þrjá flokka eftir eðli áhrifa þeirra.

| | |
|---------------------------------------|---|
| Aukin kolefnisbinding | <ul style="list-style-type: none">• Skógræktarsvæði í Slögu, á útivistarsvæðum og við athafna- og iðnaðarsvæði.• Endurheimt votlendis í Innsta-Vogi, hverfisverndarsvæði HV-303.• Votlendisvernd við Miðvogslæk, hverfisverndarsvæði HV-302.• Hagnýting blágrænna ofanvatnslausna í skipulagi nýrrar byggðar og við framkvæmdir. |
| Minni kolefnislosun | <ul style="list-style-type: none">• Þétting byggðar. Blönduð byggð, fjölbreytt bæjarumhverfi.• Endurskoðun og efling stígakerfis.<ul style="list-style-type: none">◦ 20 mínútna bærinn, hjólabærinn.◦ Bætt umhverfi göngustíga.• Stefna um gæði bygginga – bætt notagildi til langs tíma, löng ending.• Efling innviða fyrir virka ferðamáta.<ul style="list-style-type: none">◦ Áhersla á almenningsamgöngur og ferjusiglingar til höfuðborgarsvæðisins.• Áhersla á innviði fyrir orkuskipti í samgöngum og siglingum.• Áframhaldandi flokkun sorps til enduvinnslu og moltugerðar.• Stefna um græna iðngarða; endurnýting, endurvinnsla, samvinna um nýtingu auðlinda. |
| Aðlögun að loftslagsbreytingum | <ul style="list-style-type: none">• Sjóvarnargarðar.• Val á byggingarsvæðum.• Regnvatnsmeðhöndlun, ofanvatnslausnir.• 20 mínútna bærinn, þétt blönduð byggð. |

Með eftirfylgni stefnumiðanna mun sveitarfélagið leggja sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni við loftslagsvandann.

2.7 HEILDARÁHRIF, SAMLEGÐARÁHRIF

Í aðalskipulaginu er mótaður almennur rammi til nánari útfærslu og framkvæmda með það að markmiði að tryggja byggð og atvinnulífi góða og heilbrigða vaxtar- og þróunarmöguleika, íbúum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Umhverfisáhrif skipulagsins teljast því jákvæð og er að því stefnt að framfylgd þess með fjölbreyttum þróunarkostum hafi góð áhrif á byggð og atvinnulíf.

3 MÓTVÆGISAÐGERÐIR OG VÖKTUN

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði, mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðis- eftirlit Vesturlands fylgist með vatnsgæðum í ám og vötnum, vatnsbólum og fráveitumálum eftir ákveðinni áætlun. Heilbrigðiseftirlitið fylgist einnig með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfis skyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt eða annarri mengun. Hafa þer samráð við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda sem haft geta áhrif á skráða minjastaði svo og ef óþekktar minjar koma í ljós. Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar fylgist með þeim þáttum, sem áhrif hafa á þróun samfélagsins s.s. um íbúáþróun, þróun byggðar og þróun og samsetningu atvinnulífs. Þessir þættir liggja m.a. til grundvallar ákvörðunum um endurskoðun aðalskipulags sbr. ákvæði skipulagslaga.

Bæjarstjórn tekur mið af markmiðum um umhverfismál og bæjarumhverfi í aðalskipulagi og umhverfisstefnu við framfylgd skipulagsmála svo og við mat og afgreiðslu framkvæmdaáforma og skipulagsbreytinga.

4 SAMANTEKT

Endurskoðað aðalskipulag Akraness byggist í meginatriðum á stefnu og landnotkun aðalskipulagsins frá 2005. Með stækkun skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir breyttri landnotkun norðan Berjadalsár. Stækkunin er í samræmi við drög að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Helstu umhverfisáhrif af framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir, verða af landfyllingum á hafnarsvæði og uppbyggingu á framræstu votlendi í Kirkjutungu (Grjótkelduflóa). Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum eða mannvirkjum, sem líkleg eru til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið.

Þétting byggðar innan þjóðveggar mun hafa jákvæð áhrif á bæjarmynd og búsetukosti á Akranesi og stuðla að bættri nýtingu núverandi þjónustukerfa.

Vaxtar- og þróunarrými innan þjóðveggar eru aukin með skipulagi athafna- og iðnaðarsvæða í norðurhluta bæjarins.

Landnotkun í Kirkjutungu mun hafa einhver áhrif á raskað votlendi en breytingar á landnotkun eru að öðru leyti minni háttar og hafa hvorki áhrif á náttúrufar né menningarminjar. Breytingar á afmörkun hverfisverndarsvæða eru minni háttar og að mestu leyti samræming við núverandi mannvirki. Afmörkun hverfisverndar á Suðurflös og er löguð að tillögu NÍ auk þess sem nýtt hverfisverndarsvæði er afmarkað á Vesturflös, einnig til samræmis við tillögu NÍ.

Almennt séð er talið að stefna og útfærsla skipulagsins hafi jákvæð áhrif á byggð og atvinnulíf.

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði, mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins umfram það eftirlit sem lögboðnir eftirlitsaðilar sinna.